

Alþingi
Erindi nr. P 130/1218
komudagur 3. 3. 2004


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 2. mars 2004

Erindi: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum.

Undirritaður styður tillögu þessa um þarft málefni sem þarfnast tvímælalaust meiri umræðu í þjóðfélaginu í því skyni að fjölga nemendum á umræddum sviðum. Á það er hins vegar bent að sitthvað í greinargerð með tillögunni orkar tvímælis. Einkum það er varðar líkanið er reiknar framhaldsskólum rekstrarfé. Þar virðist gæta misskilnings vegna þess að líkanið var lagfært fyrir tilstilli Tómasar Inga Olrich, menntamálaráðherra, síðla árs 2002. Var það gert beinlínis til þess að laga stöðu verkefnatunnar. Af þeim sökum hefur staða þeirra skóla, sem bjóða upp á verk- og starfsnám af öllu tagi, batnað til muna - en stjórnendur þeirra höfðu um árabili bent á þá vankanta sem fyrir voru á líkaninu, en hafa nú verið lagfærðir, þó að vissulega megi gera betur.

Virðingarfyllt,



Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari